

## **Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB, með stjórnnum SK og SN**

### **Fundur nr. 2**

**10. mars 2010 í K-húsinu kl. 20:00**

Mættir: Guðmundur, Falur, Júlíus, Sigurþór, Elsie, Lúðvík, Helga, Herdís og Harpa. Ásta og Sigurbjörg boðuðu forföll. Steindór yfirþjálfari tók þátt í umræðu um 4. mál á dagskrá.

#### **1. mál**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

#### **2. mál**

Verkaskipting og styrkjamál. Í framhaldi af síðasta fundi var ákveðið að formenn SK og SN muni sækja styrki út á skilti við útilaug. Þau munu einnig geta falboðið auglýsingabil inni, en því fylgir þó hærri verðmiði. Falur sagði frá samkomulagi við Bláa Lónið, sem felur í sér að Sundráð ÍRB má selja kort í lónið fyrir andvirði 250.000. Gengið verður frá því samkomulagi næsta þriðjudag.

Í framhaldi af síðasta fundi var einnig minnst á að búninganefndin þarf að hafa snör handtök til að takast megi að panta búninga fyrir Sparisjóðsmótið.

#### **3. mál**

Niðurstöður sundþings eru þær helstar að AMÍ verður synt í beinum úrslitum og sækja má um undanþágu fyrir sundfólk okkar í USA fyrir keppni á SSÍ mótum, þó þau eigi bara yarda tíma í viðkomandi greinum. Einnig samþykkt ný stefna SSÍ, sjá annars nánar á [www.sundsamband.is](http://www.sundsamband.is).

#### **4. mál**

Mót framundan. Steindór er búinn að undirbúa páskamótið. Gummi mun biðja Sibbu að setja upp mótið, Hjördís verður þulur. Harpa kaupir lítil páskaegg og þátttökuverðlaun.

Undirbúningur fyrir Sparisjóðsmót settur af stað. Hópstjórar eru sem hér segir:

Gjaldkeri: Helga Atla ... Herdís og Elsie með henni

Hússtjóri: Júlí og Lúlli ... fá menn með sér

Tæknistjóri: Sibba ... fær fólk með sér

Dómaramál: Klemenz ... safnar saman og raðar upp dómurum

Verðlaun: Badda og Lúlli (ég mun líka nefna þetta við Níels)

Þulir: Hjördís, sem mun líka tala við Lindu

Fararstjórn og Riðlastjórn: Falur ... raðar fólki niður

Mötuneyti og sjoppa: Foreldraráðið

Mótstjóri: Gummi og mögulega fleiri

Við munum fá tilboð í kvöldmata og hádegismata (Helga ætlar að fara í það á næstu dögum), en munum sjálf sjá um morgunmata, við höfum nýverið gert samning við Samkaup þess efnis að við fáum að taka út bæði í Kaskó og Nettó.

Undirbúningur fyrir Bikar verður að miklu leiti samhlíða, enda Bikar 2 vikum síðar. Botninn verður tekinn upp líklega á fimmtudegi eftir Sparisjóðsmótið. Ragnar Örn ætlar að redda bekkjum úr Íþróttahúsinu og Holtaskóli er klár fyrir bæði mót.

#### **5. mál**

IM50. Allt að verða klárt, nema það vantar fararstjóra. Uppákomur á borð við „hot yoga“ og súpu og brauð eftir æfingu + myndataka fyrir Víkurfréttir á næstu dögum, gott mál!

**6. mál**

Unnið var úr hugmyndavinnu frá síðasta fundi, sem miðast að því að stjórnir forma ramma fyrir störf nýskipaðs sundráðs og sundstarfið á nýjum vettvangi fyrir næsta tímabil. Drög að nýjum ramma verða kynntar yfirþjálfara eftir IM50 og svo fljótlega öðrum þjálfurum í kjölfarið. Ákveðið var að stofna Foreldraráð Sundráðs ÍRB.

**7. mál**

Guðmundur kynnti bréf frá formanni ÍRB, lög ÍRB og lög sérráða ÍRB, en auk samstarfssamnings SK, SN og Sundráðs, þá formar þetta hinn lagalega vettvang sem Sundráði ber að virða.

**8. mál**

Önnur mál voru þau helst að tekin var ákvörðun um nýja sundhettu ÍRB á grunni tillagna sem Steindór kynnti.

Guðmundur hvatti fólk sem hefur áhuga að gefa kost á sér til nefndarstarfa fyrir SSÍ.

Næsti fundur verður þriðjudag 30. mars kl. 20:00 í K-húsinu.

Fleira ekki rætt og fundið slitið kl. 22:00.

Fundarritari,  
Guðmundur.